

Davíð Örvar Hansson
Friðlýsingakostir á Langanesi
davidh@ust.is

Íbúafundur í Þórsveri á Þórshöfn
21. júní 2021

Langanes

Úttekt á friðlýsingakostum

Október 2020



Langanesbyggð
sveitarstjóri



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Guðmundur Ingi Guðbrandsson ráðherra
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Þórshöfn 22. maí 2020

Efni: Möguleg friðun Langaness

Hr. ráðherra.

Um tilurð verkefnis

Verkefnið er unnið með viðbótarfjármagni umhverfis- og auðlindaráðuneytis (UAR) vegna beiðnar sveitarstjórnar Langanesbyggðar til UAR um að friðlýsingamöguleikar á hluta Langaness verði kannaðir. Í bréfi sveitarstjórnar kemur fram að óskað sé eftir að kostir, tækifæri, kostnaður, skuldbindingar sveitarfélags og landeigenda verði skoðaðir ásamt þeim takmörkunum öðrum og kostum sem til greina kæmu ef landið yrði friðað. Einnig er óskað eftir mati hvaða helstu tegundir eða stig friðunar kæmu til greina.

Í erindi UAR til Umhverfisstofnunar (UST) er lagt til að stofnunin leggi til starfsmann til að vinna verkefnið. Settur skal saman hópur tengiliða með einum fulltrúa ráðuneytis (Steinar Kaldal) einum fulltrúa UST og einum frá Langanesbyggð. Þessi hópur skal veita starfsmanninum þá leiðsögn sem þarf og fer yfir tillögurnar.

Afurð skal verða skýrsla með kortum.

Markmið verkefnisins

- Útbúa upplýsandi efni.
- Sett fram á áhugaverðan hátt.
- Texti á mannamáli.
- Veita upplýsar um möguleikana.
- Skapa grundvöll fyrir umræðu í nærsamfélagi.

Þetta voru ekki markmiðin

- Ekki „áform um friðlýsingu“.
- Ekki að segja hvernig eigi að stýra framhaldinu.



Efni skýrslunnar

- Forsendur og staðhættir
- Friðlýsing
- Verndargildi
- Friðlýsingarkostir á Langanesi
- Hugmyndir, tækifæri og áskoranir
- Innblástur og fordæmi

Friðlýsingakostir

- Þjóðgarðurinn Langanes
- Friðlandið Langanes
- Landslagsverndarsvæðið Langanes
- Verndarsvæðið Langanes (með sjálfbærri nýtingu)
 - Náttúruvætti
 - Óbyggð víðerni





Kostir við að friðlýsa

- Friðlýsing snýst um að varðveita náttúrufar og dýralíf og landslag.
- Friðlýsingu fylgir varðveisla á þeim gildum sem lagt er upp með í samstarfi heimamanna og stjórnvalda.
- Friðlýsingu fylgir stýring með stoð í lögum.
- Friðlýsingu fylgir aðgengi að fjármagni.
 - Stöðugildi í náttúruvernd
 - Uppbygging
- Fræðslutækifæri fyrir samfélag.
- Uppbygging fyrir heimamenn og gesti.

Tillaga að friðlýsingu berst

Eftir að tillaga er móttækin tekur við gagnaöflun þar sem aflað er gagna um hver sérstaða svæðisins er, landeigendur, landnýtingu svæðisins, skipulag, hagsmunaaðila og tengsl við aðrar landnýtingaráætlanir.

Sé niðurstaða könnunar á þá leið að svæðið hafi hátt verndargildi er tekin ákvörðun um hvort hefja skuli undirbúning friðlýsingar. Sé það niðurstaðan er skipað í samstarfshóp.

1

Óskað eftir tilnefningum í samstarfshóp

Í samstarfshópi eiga alla jafna sæti réttihafar lands og sveitarfélög sem hafa skipulagsvald á svæðinu. Samstarfshópur getur óskað eftir samvinnu við fagstofnanir og hagsmunaaðila við undirbúning friðlýsingar. Með virkri þátttöku hagsmunaaðila og réttihafa næst bestur árangur við að móta friðlýsingarskilmála sem farið er eftir og aðilar standa vörð um.

2

Fyrsti fundur samstarfshóps

Þar er málið kynnt og farið yfir ferli friðlýsingar, afmörkun svæðis og almenna friðlýsingarskilmála. Á fundinum er tekin ákvörðun um hvort forsenda sé fyrir áframhaldandi vinnu við friðlýsingu og undirbúið að kynna áform um friðlýsingu.

3

Áform um friðlýsingu kynnt

Áður en áform eru kynnt skulu liggja fyrir drög að mörkum, verndargildi og markmið friðlýsingar svæðisins. Upplýsingar eru settar á heimasíðu Umhverfisstofnunar þar sem koma fram upplýsingar um svæðið, hverjir eiga sæti í samstarfshópi og tenglar á verk- og tímaáætlun. Áform um friðlýsingu svæðis eru kynnt opinberlega þar sem almenningi og öllum sem hagsmuna eiga að gæta gefst kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir.

4

4 vikur

Friðlýsingarferlið - að lágmarki 9 mánuðir

5

Farið yfir athugasemdir og drög að auglýsingu unnin

Samstarfshópur kemur saman og fer yfir athugasemdir sem berast á kynningartíma. Umhverfisstofnun tekur síðan saman umsagnir um framkomnar athugasemdir og viðbrögð við þeim. Að því loknu vinnur samráðshópur tillögu að friðlýsingarskilmálum að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem berast á kynningartíma. Yfirleitt fara nokkrir fundir samstarfshóps fram við vinnu að gerð tillögu að friðlýsingarskilmálum.

6 vikur

6

Kynning auglýsingar

Þegar fyrir liggur tillaga samstarfshóps að friðlýsingarskilmálum er hún auglýst þar sem öllum sem hagsmuna eiga að gæta og láta sig málið varða gefst kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Kynning getur farið fram með ýmsum hætti t.d. á heimsasíðum, á samráðsfundum o.fl.

Tillagan er kynnt sérstaklega fyrir landeigendum og réttihöfum lands og þeim kynntur réttur til bóta skv. 42. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

7

Unnið úr athugasemdum

Umhverfisstofnun í samráði við samstarfshóp vinnur úr athugasemdum. Öllum athugasemdum og ábendingum er svarað í greinargerð.

8


Lokaútgáfa friðlýsingar send til ráðherra til staðfestingar

Lokatillaga að friðlýsingu ásamt fylgigögnum og þeim athugasemdum sem borist hafa er send umhverfis- og auðlindaráðherra til ákvörðunar og upplýst um hvort samkomulag hafi náðst um friðlýsingu.

Umhverfis- og auðlindaráðherra staðfestir friðlýsinguna og í kjölfarið er friðlýsingin auglýst með lögformlegum hætti og öðlast friðlýsing þá gildi.

Rekstur friðlýstra svæða

- Fjármagn fer eftir áherslum friðlýsingar.
 - Heilsársstörf og sumarstörf.
 - Uppbygging innviða.
- Landvörslu fylgir stýring umferðar um svæðið.
- Gestastofa og fræðsla fyrir gesti og heimamenn.





8.2 Landslagsupplifun

Útsýnispallar geta verið margvíslegir og skapað mismunandi áhrif hjá gestum. Þeir geta m.a. skapað magnaða landslagsupplifun, búið til nýtt sjónarhorn og fært fólk nær viðfangsefninu.


8.2.1 Útsýnispallur í Askevågen - Noregur

Ekkert er öflugra en sjórinn sem getur tekið á sig margar birtingarmyndir. Hér er hægt að upplifa krafta vindsins sem og fegurðina á fallegum sumardögum. Útsýnispallurinn færir gestinn nær Atlantshafinu og glerið skýlir fyrir veðri og vindum. Pallurinn skapar 360° útsýni yfir hafið, eyjarnar og strandlínuna.¹⁰

Uppbygging sem eykur landslagsupplifun og efnisvalið fellur vel að hrárrí náttúrunni.



Útsýnispallur við Askevågen.



Útsýnispallur á Bolafjalli

8.2.2 Útsýnispallur á Bolafjalli - Bolungarvík

Nýr útsýnispallur sem fyrirhugaður er við Bolafjall myndar nýtt þrep í Stigahlíðina og verður sem hluti af klettabeltinu. Við upptök sín er pallurinn í landhæð en eftir hægan aðdraganda, þegar á enda pallsins er komið, er augnhæð komin niður fyrir landhæðina, og á einstöku augnabliki, þegar komið er handan fjallsbrúnarinnar, sér augað ekkert annað en fjallshlíðar Bolafjalls, hafið, Djúpið og firðina í kring.¹¹

Útsýnispallurinn færir gestinn niður fyrir bratta klettabrúnina og gerir hið ómögulega mögulegt, þ.e. að gægjast niður fyrir brúnina.

8.2.3 Útsýnisslóði - Path of Perspectives - Austurríki

Tíu innsetningar (e. architectural elements) við panorama slóðann í ölpunum sem ramma inn einstakt landslag Nordkette fjallgarðsins í Austurríki. Hver innsetning, allt frá bekkjum til útsýnispalla, undirstrikar dramatískt landslag staðarins.¹²

Uppbygging á ákveðnum útsýnispunktum með samskonar yfirbragð, sem saman mynda slóða sem leiðir gestinn áfram. Ljóðrænar merkingar vekja fólk til umhugsunar og efniviðurinn fellur vel að landslaginu.



Útsýnispallur sem virðist vaxa út frá landinu.



